

Kópavogi, 31. október 2019.

Tilvísun: 2019-6408

Efni fundar: Fundur Fagráðs náms- og gæðamats, haldinn 31. okt. á Menntamálastofnun

Fundarmenn: Fjóla Þorvaldsdóttir, Guðrún Birna Einarsdóttir, Inga Úlfsdóttir, Jón Páll Haraldsson, Sigurgrímur Skúlason, Sverrir Óskarsson, Þóra Björk Jónsdóttir, Þóroddur Helgason.

Fjarverandi: Hjördís Albertsdóttir

Fundarritari: Guðrún Birna Einarsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Samræmd próf í 4. og 7. bekk 2019.
2. Gerð prófatriða í samræmdum könnunarprófum – möguleikar á þróun.
3. Sagt frá könnun sem var gerð meðal skólastjóra.
4. Prófakerfi samræmdra prófa.
5. Birting skýrslu starfshóps um tilgang, markmið og fyrirkomulag samræmdra prófa.
6. Framtíð ytra mats í grunnskólum eftir 2021.
7. Námsmat – hvar eru miðlægar upplýsingar – hvernig getum við betur stutt skólana?
8. Skimunar- og stöðupróf í náttúrufræði og stærðfræði.
9. Önnur mál.

Umræður og ákvarðanir:

- 1) Sverrir fer yfir hvernig framkvæmd prófanna í 4. og 7. bekk gekk í haust. Framkvæmd prófanna gekk mjög vel. Minniháttar hnökrar en í heild gekk vel. Símtöl voru fá og á heildina litið gekk framkvæmdin vel.

2) Sigurgrímur fer yfir próffræðilega eiginleika prófanna, fjallar um áreiðanleika og réttmæti og almennt um niðurstöður prófanna. Formgerðarlíkan styður vel við réttmæti prófanna, þau endurspeglu hvernig börnin standa gagnvart námskrá að því marki sem prófin ná yfir.

3) Inga sýnir og útskýrir inntakstöflu í íslensku í 7. bekk. Uppskriftin að prófinu a.m.k. lesskilningi er nánast eins frá ári til árs. En málnotkun er ekki eins mikið negld niður. Spurt um það sem verið er að kenna í árgöngunum hverju sinni.

3) Guðrún Birna fer yfir viðhorfskönnun skólastjóra sem send var í kjölfar könnunarprófanna í september. Þar kemur fram að yfir 99% skólastjóra sem svöruðu könnuninni telji að fyrirlögn prófanna hafa gengið vel. Fundarmenn taka undir þetta, fram kemur að það skólafólk sem rætt hefur verið við telur framkvæmdina í haust hafa gengið snurðulaust fyrir sig. Niðurstöður úr viðhorfskönnuninni verða birtar í skýrslu um framkvæmd prófanna sem kemur út í nóvember.

4) Varðandi prófakerfi veltir Jón Páll upp spurningu um veflásinn, hvort hann verði notaður í 9. bekk, næsta vor. Sverrir segir vonir standa til þess að búið verði að finna lausn á því. Sverrir fjallar um drög að kostnaðaráætlun vegna nýs prófakerfis. Við bíðum eftir opinberri skýrslu um framtíð samræmdra könnunarprófa sem unnin var af nefnd sem skipuð var af ráðherra eftir kerfisbilunina vorið 2018.

Fram kemur að stofnunin hafi fundað með ráðuneytinu hvað sé hægt að gera. Þrennt var nefnt í stöðunni: a) Fella niður prófin í eitt eða tvö ár á meðan unnið er að útboði og innleiðingu nýs prófakerfis. b) Taka tímabundið upp nýtt kerfi á meðan útboð er í gangi. c) Nota kerfið sem við erum með núna.

Þau prófakerfi sem í boði eru og sér í lagi sem önnur Norðurlönd eru að nota hafa verið í skoðun hjá stofnuninni. Svíar og Norðmenn eru til að mynda nýbúnir að fara í gegnum útboð og er kostnaður við prófakerfi kringum 400 miljónir árlega hjá þessum aðilum. Starfsmenn tilbúnir að fara í ný kerfi en við þurfum að fara í útboð sem mun taka sinn tíma. Talað er um að eðlilegur tími í útboð sé 1-2 ár, enn lengra ef niðurstaða þess fær



MENNTAMÁLASTOFNUN

kæru. Sverrir sýnir inn í prófakerfið Wiseflow sem er kerfi sem Færeyingar nota. Eins og erum við á þeirri leið að vera eingöngu með fjölvalsspurningar en við viljum prófakerfi sem býður upp á aukna möguleika í prófatriðagerð og þróun prófa. Til dæmis má nefna draga og sleppa, fylla inn í eyður, vinna með gröf, myndrit og margt fleira.

- 5) Rætt um skýrsluna um framtíð samræmdra könnunarprófa. Fram kemur hjá fundarmönnum að það sé ekki gott að skýrslan sé ekki orðin opinber og ekki búið að taka stefnumarkandi ákvarðanir um næstu skref. Þar voru settar fram tillögur í 8 liðum og það þarf að vinna þessar tillögur áfram, meðal annars með tilliti prófakerfis, sérfræðipækkingar, aðstæðna hjá skóla og fleira. Fram kemur að Menntamálastofnun er sáttt með ýmsar tillögur en ósátt við stöku orðalag. Til dæmis kemur fram í umræðu að þarna séu tillögur sem kosti gríðarlega fjármuni til að framkvæma, ef prófin verða stytta þá komi það niður á áreiðanleika og réttmæti og fleira í þessum dúr. Almenn niðurstaða fundarmanna að það sé mikilvægt að fá skýrsluna í almenna umræðu og að hún geti verið góður grunnur að þróun prófanna, og því mikilvægt að skýrslan verði gerð opinber.

Fagráð um náms- og gæðamat byggir á 4. grein laga um Menntamálastofnun og reglugerðar 530/2016, en þar segir: „Forstjóri skal setja á fót fagráð fyrir helstu verksvið stofnunarinnar sem skipuð skulu sérfróðum aðilum á viðkomandi sviði. Fagráð skulu vera stofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar.“. Í ljósi þessa hlutverks óskar fagráðið að bóka sérstaklega: Fagráð Menntamálastofnunar um náms- og gæðamat skorar á stofnunina og ráðuneytið að beita sér fyrir því að skýrslan verði gerð opinber og fari þannig í almenna umfjöllun í skólasamfélaginu.

- 6) Rætt um ytra mat og sérstaklega um framtíð ytra mats í grunnskólum. Þóra Björk fjallar um ytra mat. Það eru metnir sex leikskólar árlega og sex framhaldsskólar. Eftir fjölgun grunnskóla í ytra mati á árinu 2019 verða metnir 27 grunnskólar árlega. Stefnt er að allir grunnskólar landsins utan Reykjavík munu hafa farið í gegnum mat vorið 2021, þ.e. einn matshring lokið. Reykjavík hefur lokið einum matshring grunnskóla. Jöfnunarsjóður/sambandið, Menntamálastofnun og ráðuneytið standa straum að öllum kostnaði vegna matsins á grunnskólastiginu. Óljóst er hvað gerist eftir vorið 2021 en ekki hefur verið tekin stefnumarkandi ákvörðun um framhaldið. Það tekur tíma að móta stefnu og finna út hvernig framhaldinu verður háttað.

Framhaldsskólarnir skulu skv. lögum fara í gegnum mat á vegum ríkisins á 5 ára fresti en slík lagaleg skylda er ekki til staðar vegna leik- og grunnskóla. Leikskólarnir mega eiga von á ytra mati á 47 ára fresti. Fram kemur á fundinum að ytra mat á leikskóla er mikilvægt og nefnt að huga þurfi vel að fyrsta skólastiginu, enda er það grunnur að farsælli skólagöngu. Fram kemur að fagrád MMS telur mikilvægt að takast á við þá óvissu sem er uppi um framtíð ytra mats um leik- og grunnskóla. Fagráðið ákveður að bóka um þetta: Fagrád Menntamálastofnunar um náms- og gæðamat hvetur stofnunina til að vekja athygli hlutaðeigandi aðila á stöðu ytra mats í leik- og grunnskólum og framtíð þess. Mikilvægt er að eyða þeirri óvissu sem er til staðar vegna ytra matsins á þessum tveimur skólastigum.

- 7) Rætt er um hvernig er verið að styðja við skólana í námsmati? Fjóla fjallar um verkefni og tæki sem eru notuð við mat í leikskólum. Tras, Evi, HLJÓM og fleira. Bendir á að fáir leikskólakennarar séu á leikskólastiginu og álag vegna þessa. Þóroddur bendir á hvernig kennsluráðgjafar fari á milli leikskólanna og aðstoði við að leggja t.d. HLJÓM fyrir. Álagið er mjög mikið á leikskólakennara meðan á þessu stendur. Fjóla nefnir áhyggjur af breytingum á leyfisbréfum kennara sem ganga í gegn um áramótin. Ef einhversstaðar vantar grunnskólakennara þá verða leikskólakennarar fljótir að yfirgefa leikskólana í þau störf, að hennar mati. Jón Páll segir námskrána frá 2011 og 2013 hafa skilið eftir sig tómarúm hvað varðar námsmat. Þrátt fyrir ýmiss námskeið og fleira þá hafi skólar ekki fengið fullnægjandi stuðning. Það skortir styðjandi leiðir til að flétta saman kennsluáðferðir og hæfnimiðað námsmat. Í Reykjavík hafa verið námskeið fyrir skóla í leiðsagnarmati og það gefist vel. Fram kemur að aðlanámskrá 2011/2013 hafi ekki fylgt fullnægjandi fjármagn og innleiðing. Ennfremur kemur fram að Menntamálastofnun hafi verið sett á laggirnar lok árs 2015 og því ekki komið að innleiðingu aðalnámskrár svo heitið getur. Þóra Björk segir mörg og misvísandi hugtök vera í gangi hvað námsmat varðar. Námsmati er blandað saman við einkunnagjöf og skimunarpróf. Okkur skortir þetta fagtungumál til að ræða um ýmiss konar mat á námi. Próf og kannanir, framgangna í námi og svo framvegis. Þóroddur kemur inn á að við þurfum einföld tæki t.d. hafi matstæki er snúa að lestri verið góð og eru mikilvæg verkfæri fyrir skóla. Segir mikilvægt að fá verkfæri sem



MENNTAMÁLASTOFNUN

grunnskólar á landinu geti nýtt sér. Telur að kennarar í grunnskólum séu núna aftur að geta fótað sig eftir að aðalnámskráin kom út. Því meira sem við getum litið á Ísland sem einn skóla, í stað þess að allir séu að gera þetta í sínu horni, því betra. Búa til verkfæri til sem skólarnir geta notað. Forysta og leiðsögn er eitthvað sem menn þrú svólítið.

- 8) Sverrir ræðir um verkefni frá ráðuneytinu sem byggist á því að gera skimunar- og stöðupróf í stærðfræði og náttúrufræði. Þar eigi að koma inn tæki sem kennarar geti nýtt sér og sé þá tímasparnaður annars staðar. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um þetta en málefnið sé í umræðu.
- 9) Á döfinni er námskeið í prófagerð þar sem stofnunin fær til sín sérfræðing frá Cambridge Assessment. Um 25-30 manns munu sitja það námskeið og hefur kennurum verið boðið að mæta á námskeiðið. Einnig er á döfinni opinn fundur með íslenskukennurum um samræmd könnunarpróf í íslensku og möguleika á þróun.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:

Guðrún Birna Einarsdóttir